

Birkihlíð, 8.5.2002

Landbúnaðarnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
110 Reykjavík.

Efni : Umsögn um þingsályktun um verndun íslensku mjólkurkýrinnar.


Stjórn Búnaðarsambands Vestfjarða þakkar flutningsmönnum fyrir ályktunina og greinargerð sem henni fylgir.

Fram hefur komið einlægur vilji mikils meiri hluta íslenskra mjólkurframleiðenda gegn blöndun á aðfluttu erfðaeftni í stofninn.

Í greinargerð hefði mátt koma fram að ef einhverjum hluta bænda yrði leyft að valsa með erlent erfðaeftni þá mætti reikna með að útbreiðsla þess yrði óviss því að margir tryðu því að þá strax þýddi ekki lengur að hugsa um vernd á núverandi stofni. Aðal rökin fyrir þeirri uppgjöf væru þau að fækki í hreinræktuðum íslenskum stofni þá yrði strax minni erfðaframtök en ella. En það er einmitt stofnstærðin sem er af ýmsum forspökkum innflutnings talin of lítil til þess að mesta erfðaframtök náist fram.

Ekki síst vegna þessa væri það brot á öllu lýðræði ef að minni hluti bænda á að ráða ræktun kúastofnsins og innblöndun gegn vilja mikils meiri hluta í stéttinni.

Virðingarfyllt,
f.h. Búnaðarsambands Vestfjarða



Birki Friðbertsson, form.



Alþingi
Erindi nr. P 127/2283
komudagur 26.06.2002

Landbúnaðarnefnd
Alþingi
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 24. júní 2002

Efni: Tillaga til þingsályktunar um verndun íslensku mjólkurkýrinnar, 677. mál.


Tilv: 02040043

Vísað er í bréf landbúnaðarnefndar Alþingis dags. 23. apríl sl. þar sem leitað er umsagnar um ofangreinda tillögu til þingsályktunar.

Um það er ekki ágreiningur, að Íslendingum beri skylda til að varðveita upprunalega búfjárstofna landsins. Séu stofnar taldir í útrýmingarhættu eða það litlir að erfðaeiginleikar kunni að glatast, t.d. vegna einhæfs kynbótaúrvals, ber að gera sérstakar áætlanir um verndun stofnanna og einkenna þeirra.

Hvað ræktun íslensku kýrinnar varðar, er nú verið að undirbúa breytingu á kynbótakerfinu, sem felur í sér að lágmarka skylddseikaaukningu í stofninum í ofangreindum tilgangi. Að mati færustu manna er ekki ástæða til að vinna sérstaka áætlun um vernd stofnsins nema til komi innflutningur á nýju kyni. Þá er óhjákvæmilegt að vinna slíka áætlun, en hún verður að taka mið af því hvernig innflutningi yrði háttáð og hvernig staðið yrði að framræktun á nýju kyni.

Virðingarfyllst,
E.h. Bændasamtaka Íslands



Sigurður Þorgeirsson

Alþingi
Erindi nr. P 127/2199
komudagur 13.5.2002

DÝRALÆKNAFÉLAG  ÍSLANDS
Icelandic Veterinary Association · Lágmúli 7 · IS
Pósthólf 10263 · 110 Reykjavík · Sími / Tel.: +354-568 9545

Alþingi, Landbúnaðarnefnd
Einar Farestveit, nefndarritari
150 Reykjavík

Reykjavík 10.mái 2002.

Dýralæknafélagi Íslands hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um verndun íslensku mjólkurkýrinnar. Þskj.1093-677.mál.

D.Í. gerir ekki athugasemdir við að komið verði á fót sérstakri áætlun um vernd íslensku mjólkurkýrinnar.


Umrædd greinargerð með ofangreindri þingsályktunartillögu fjallar að meginhluta um kúariðu og norska fósturvísa en tillagan sjálf um verndun íslensku mjólkurkýrinnar.

Íslensku kúna, sem og aðra búfjárstofna, verður að vernda fyrir erlendu smitefni. Því er nauðsynlegt að lög um innflutning dýra séu skýr hvað þetta varðar og innflutningur sé einungis heimilaður að undangengnu faglegu áhættumati, hverju sinni.

D.Í. telur að greinargerð sem fylgir tillögunni sé óvönduð þar sem settur er fram fjöldi örökstuddra og ósannaðra fullyrðinga og bendir á áhættumat Dýralæknaráðs vegna fyrirhugaðs innflutnings á norskum fósturvísu. Niðurstaða Dýralæknaráðs var að áhætta vegna þessa tiltekna innflutnings væri óveruleg, að viðhöfðum ítrustu sóttvörnum.

Niðurstaða umfangsmikilla tilrauna í mörg ár hafa sýnt að það er afar ólíklegt að kúariða geti borist með fósturvísu, jafnvel þó að foreldrarnir séu langt leiddir af sjúkdóminum.

F. h. Dýralæknafélags Íslands,



Ólafur Valsson formaður D.Í.



Landbúnaðarnefnd Alþingis
b.t. Einars Farestveit
Alþingi
150 Reykjavík

7. maí 2002
Snr. 11/01-1823/MH

Efni: Tillaga til þingsályktunar um verndun íslensku mjólkurkýrinnar

Vísað er til erindis landbúnaðarnefndar Alþingis, dags. 23. apríl sl., þar sem óskað er eftir umsögn dýraverndarráðs um tillögu til þingsályktunar um verndun íslensku mjólkurkýrinnar.

Dýraverndarráð mælir með því að þingsályktunartillagan verði samþykkt.

Virðingarfyllst,

María Harðardóttir

María Harðardóttir
ritari

Alþingi
Erindi nr. P 127/2218
komudagur 30.5.2002

Til Landbúnaðarnefndar Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 29. maí 2002

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um verndun íslensku mjólkurkýrinnar.

Þskj. 1093 - 677. mál 127. löggjafarþing 2001-2002


Forystufjarræktarfélag Íslands þakkar bréf Landbúnaðarnefndar Alþingis dags. 6. maí 2002 með beiðni um umsögn um framangreint mál.

Félagið telur mjög tímabært að landbúnaðarráðherra komi á fót sérstakri áætlun um vernd íslensku mjólkurkýrinnar jafnframt endurskoðun laga um innflutning búfjár í takt við auknar kröfur á alþjóðavettvangi um verndun erfðaefnis búfjár. Samkvæmt upplýsingum frá Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna er um þriðjungur hinna 5000 búfjarkynja í heiminum í útrýmingarhættu og íslenska mjólkurkýrin gæti orðið eitt þeirra ef ekki verður hugað markvisst að verndun hennar.

Íslensku landnámskynin eru þjóðargersemar, ekki síst mjólkurkýrin sem skilar miklum og góðum afurðum, og miðað við þann ágæta árangur sem náðst hefur í ræktun og meðferð mjólkurkúna á fjölda búa í landinu er afurðasemi hennar fyllilega sambærileg þeirri sem almennt gerist í öðrum kynjum að teknu tilliti til stærðar, þunga og fóðurnotkunar.

Reyndar hentar íslenska mjólkurkýrin, líkt og önnur landnámskyn, sérlega vel til sjálfbærra búskaparháttar, svo sem lífrænnar framleiðslu. Besta leiðin til að vernda búfjarkyn er að nýta þau til landbúnaðarframleiðslu og því er brýnt að gera verndunaráætlun um íslensku mjólkurkúna og bæta markvisst þá eiginleika hennar sem helst er talin þörf á að bæta miðað við nútíma búskaparhætti. Reyndar þarf að gera verndunaráætlanir fyrir öll íslensku landnámskynin.

Forystufjarræktarfélag Íslands bendir á að mikill, almennur stuðningur hefur komið fram meðal þjóðarinnar á seinni árum við verndun landnámskynjanna, sérstaklega hvað varðar íslensku mjólkurkúna. Verndun kúakynsins, og annarra landnámskynja, er reyndar ekki einkamál bænda. Félagið mælir eindregið með samþykkt framangreindrar þingsályktunartillögu og tekur jafnframt undir þau sjónarmið sem fram koma í greinargerð með henni.

Virðingarfyllt,
f.h. Forystufjarræktarfélags Íslands

Olafur R. Dýrmanndsson
Jóruseli 12
109 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 127/2224
komudagur 29.5.2002


Bóli Biskupstungum 29. maí 2002

Landbúnaðarnefnd Alþingis

Þakka bréf dagsett 06.maí s.l.

Ég er sammála þeim tillögum sem er í þingsályktunartillögu þeirri sem mér var send. Ég tel mjög mikilvægt að vernda sérstaka eiginleika íslensku mjólkurkýrinnar, en marga þeirra hefur nú þegar verið sýnt fram á.

Með kveðju


Hinrik Ó Guðmundsson
Formaður geitfjárræktafélags Íslands.



Landssamtök
sauðfjárbænda

Alþingi
Erindi nr. P 127/2119
komudagur 10^u P 127/2119

Reykjavík 7. maí 2002

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Stjórn Landssamtaka sauðfjárbænda hefur farið yfir tillögu til þingsályktunar um verndun íslensku mjólkurkýrinnar, 677. mál. Stjórn samtakanna tekur ekki afstöðu til málsins.

Fh. stjórnar Landssamtaka sauðfjárbænda

Özur Lárusson
Framkvæmdastjóri
Bændahöllinni v/Hagatorg
107 Reykjavík
ls@bondi.is

Alþingi
Erindi nr. P 127/2219

Til: *komudagur* 30.5.2002
Nefndasviðs Alþingis
Landbúnaðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Frá
formanni Litfara
Páli Imsland
Skipasundi 46
104 Reykjavík

Reykjavík 29.5.2002

Félagið hefur móttekið bréf frá Landbúnaðarnefnd Alþingis, dagsett 6.5.2002, er inniheldur beiðni um umsögn vegna þingsályktuartillögu um verndun íslensku mjólkurkýrinnar (677. mál). Stjórn félagsins hefur rætt efni bréfsins og orðið ásað um að svara því með örstuttu svari sem birtist hér í lok bréfsins.

Stuttur inngangur almennara efnis fer þó fyrir því svari.

Inngangur

Í svari félagsins frá 8.5.2002 við beiðni um umsögn vegna þingsályktu-
artillögu um endurskoðun laga um innflutning dýra (654. mál) er inngangur sem
fjallar nokkuð um ýms sjónarhorn húsdýrahalds og ræktunar þeirra. Sú umræða
á jafn vel við með þessu svari eins og þar. Á þann inngang er bent í þessu
sambhengi og einnig á grein eftir Pál Imsland, formann Litfara, sem birtast mun í
Bændablaðinu á næstunni og fylgir hér með í handriti, þar sem þessi mál eru
rædd í enn víðara sambhengi. Það er gagnlegt að hugað sé að þessu víða
sambhengi.

Í þessum inngangi að svari munu aðeins dregin fram þrjú atriði, sem
ástæða þykir til að drepa á og má líta á sem dæmi um þá margþættni sem
einkennir þessi málefni. Það er nauðsynlegt að horfa á þetta mál eins og önnur í
víðu sambhengi og með upplýstu hugarfari. Opin og almenn umræða í þessu
þjóðfélagi um húsdýrahald og málefni húsdýra er yfirleitt fremur lítil og á sér
stað á þröngu sviði og í þröngum hópi þegar hennar á annað borð verður vart
utan hinnar hefðbundnu búfræðilegu og nútæknilegu umræðu. Þar er því margt
ósagt um þessi mál sem verður að ræða í nútímapjóðfélagi, bæði af fræðilegum
og menningarlegum toga.

Þau þrjú atriði sem hér verður sérstaklega vikið að, en í örstuttu máli þó,
eru gefin til kynna með viðeigandi fyrirsögnunum. Sambhengi þeirra er langsótt
og sýnir það enn vel hversu margar hliðar eru í raun á þessu máli.

Náttúrverndin og húsdýrahald

Þrátt fyrir umfangsmikla og gjarnan háværa umræðu um náttúruvernd, sem lýtur að hinum ólíklegustu þáttum íslenskrar náttúru, fuglum og fossum, grösum og grjóti, þá ber nær ekkert á umræðu á þeim vettvangi um húsdýrin í íslenskri náttúru. Ef á þau er minnst í þessari umræðu er það yfirleitt vegna þess að náttúruverndin lítur á þau sem einhverja óþurft í náttúrunni og jafnvel skemmdarvarg.

Engin stærri dýr sjáum við þó oft og víðar í þessu landi en húsdýrin, nema þá einstöku fuglategundir. Því verður þess vegna ekki mótmælt að húsdýrin eru einn mest áberandi þáttur íslenskrar náttúru. Íslensku húsdýrin vekja gjarnan meiri undrun meðal erlenda ferðamanna hér en húsdýr gera yfirleitt í öðrum löndum. Af þessum sökum mætti hér gjarnan efna til víðtækrar umræðu, t.d. á formi opinnar ráðstefnu, um íslensk húsdýr og húsdýrin í íslenskri náttúru og mannlífi. Sú langa og mikla þögn sem um þau hefur yfirleitt ríkt heldur ugglaut leyndu fyrir okkur ýmsu merkilegu og jafnvel gagnlegu, sem líkur væru á að kæmu upp á yfirborðið við slíka upprifjun. Það ríkir bísna mikili þögn um húsdýrin okkar og hún er vart verðskulduð og ef sú þögn er rofin er það oft en ekki til þess að hnýta í þau.

Verndun stofnanna fyrir ræktun.

Við ræktum húsdýrin eftir aðferðum ræktunarfræða og búfræða en skiptum okkur ekkert að kalla að því hvaða áhrif sú starfsemi hefur á stofna þessara dýra, aðeins þá einstaklinga sem út úr ræktuninni koma. Það liggur ljóst fyrir að þar sem ræktun fær að ganga út yfir allan stofninn eftirlits- og hömlulaust, breytist stofninn. Þegar við höfum ræktað okkar hest eða okkar kú eftir aðferðum ræktunarfræðanna um langan tíma þá er stofninn orðinn öðru vísi en hann var þegar ræktunin hófst. Við verðum því að horfast í augu við þá staðreynd að við getum skemmt eða spillt stofnum með ræktun. Sem dæmi má taka að það var opinbert ræktunarmarkmið, yfirlýst af búnaðarmálastjóra (Sigurður Sigurðsson, Búnaðarrit 1916 og 1918) á þeirri tíð sem hrossarækt var að skríða úr vöggum hér á landi, að fækka litum hrossanna og einfalda litafjölbreytnina, t.d. átti að útrýma skjóttu og fleiri litum. Verstan dóm hjá honum fengu leirljósir og hvítir litir og svo skjóttir og „öll þessi litarafbrigði, sem koma fyrir á hestum við og við.“ Þessum litum segir hann að ætti að útrýma með öllu og dregur síðan saman tillögur sínar á eftirfarandi hátt. „Það sem eg í þessu sambandi vil sérstaklega taka fram er það, að reynt sé til að halda þeim litum hreinum, sem annars er lögð rækt við. Keppa að því að útiloka öll litarafbrigði á hestum, þar sem naumast er unt að skilgreina, hver titurinn er.“ Það náðist mikill árangur í þessa veru og fram eftir 20. öldinni fækkaði öllum ljósum og lýstum litum í hrossastofninum og á síðasta

áratugi aldarinnar var svo komið að 80% af stofninum voru orðin rauð, jörp og brún, en það eru þeir litir sem einkenna flestöll lang- og þrautræktuð hrossakyn í veröldinni. Hefðu þessi markmið náð algjörlega fram að ganga þá hefðum við greinilega spilt fjölbreytninni í stofninun og þar með eytt hluta af erðabreiddinni endanlega: stofninn hefði staðið eftir snauðari en fyrir. Sú tilhneiging er enn í gangi í ræktun íslenskra húsdýra, en óráedd, og virðist eiga að fá að ganga yfir stofnana þegjandi og hljóðalaust.

Það er nauðsynlegt að þessi áhrif ræktunar á húsdýrastofnana séu gerð að umræðuefni svo þau megi verða öllum sem um þessi mál sýsla ljós og skýr. Fyrir er ekki hægt að taka ákvörðun um æskileg eða leyfileg mörk ræktunar og aðrar mikilvægar ákvarðanir af meðvitaðri upplýsingu. Ræktunin hefur þau áhrif að útrýma efðabreiddinni, þó það sé ekki yfirlýst takmark með ástundun hennar. Löngu er komið að þeirri stund, og ekki seinna vænna að ræða það mál opinskátt, bæði af alvöru og af faglegri þekkingu ef við ætlum að eiga þessa stofna nokkurn veginn óbreytta áfram. Hingað til höfum við siglt áfram í eins konar ómeðvitundarástandi um þetta mál og látið eins og það sé ekki til staðar og áhrifin af ræktun á stofna þurfi ekki að óttast eða hafa undir smásjóni.

Þetta mætti Landbúnaðarnefnd taka upp á sína arma og ýta úr vör einhverri viðleitni til andróðurs, en hann er líklega ekki auðveldur.

Húsdýrahald og íslensk menning

Tengsl íslendinga og húsdýra þeirra eru margvísleg, þó hin praktísku not dýranna í lífsbaráttu þjóðarinnar séu þar eðlilega efst á blaði. Þessi tengsl hafa þó verið þísná breytileg í gegnum aldirnar og má ýmislegt tína til í því samhengi:

- Íslensk menning og saga var skráð á kálfsbjóra á söguöld.
- Stór hluti íslenskra tækifærisvísna fjallaði um hesta, hestamenn og hestamennsku um aldir og gerir jafnvel enn.
- Flótti frá streitu og tilbreytingarleysi einhæfra og annasamra nútímadaga einkennist hjá mörgum af vináttuleit við íslenska hestinn.
- Aðferð margra manna, sem neyddust til þess að setjast að á mölinni á tímum róttækra þjóðfélagsbreytinga til þess að sættast við breytingarnar, var að halda fáeinar kindur í kofa í útjaðri þéttbyggðarinnar.

Þannig má lengi áfram telja þær aðferðir og þær ástæður sem eru fyrir afskiptum okkar af húsdýrum í hinum ýmsu myndum og þau tengsl sem eru og hafa verið á milli þessara dýra og íslenskrar menningar.

Allar þjóðir eiga slík tengsl, en þau eru breytileg frá einum stað til annars og frá einum tíma til annars og þau eru ekki síður breytileg með hliðsjón af því hvaða dýr þjóðirnar halda eða héldu. Við héldum alla tíð meira og minna sömu dýrin, þar sem mest ber á sauðfé, nautfé og hrossum. Þetta voru þær skepnur

sem stóðu undir því að fæða og klæða þjóðina og flytja hana og föggur hennar á milli staða. Tengsl fullorðinna skiptust á dýrin eftir merkilegu mynstri:

- Karlar héldu einkum upp á sauðfé og hross og svo hundinn sinn.
- Kvennfólk hélt meir uppá kýrnar og jafnvel hænsnin.
- Krakkar hændust að öllu ungvíði, eins og örlög virðast gera ráð fyrir. og áttu síðan trúnaðarvin í kettinum.

Þetta er merkileg lífsmynd sem speglast aftur og aftur í bókmenntum þjóðarinnar og skáldskap.

Við megum ekki gleyma þessum tengslum og þessari sögu og því gerum við bæði rétt og gott í því að huga að þessum dýrstofnum okkar á meðan þeir eru til nokkurn veginn óskemmdir af blöndu við ólík kyn, sem aldrei verður fyrirséð hver lokaáhrif muni hafa á stofnana, ef blöndur verða algengar og hömlulitlar.

Ef það er mikilvægt að íslensku húsdýrin gefi í framtíðinni svipaða mynd af sjálfum sér. útliti, hæfileikum, skapgerð, eiginleikum og svo framvegis og hingað til þá verðum við að gefa gaum að málum, en á því hefur verið mikill misbrestur á liðinni öld, sem er dæmigerð ræktunaröld í þessu samhengi, ræktunaröld sem horfir í bjartsýni fram á veginn en hugar ekki að því sem að baki er og reynir ekki að sjá fyrir allar afleiðingar ræktunarinnar.

Lokasvar

Það er eindreginn stuðningur hjá stjórn Litfara við þá hugmynd sem felst í þingsályktunartillögunni. Íslensk húsdýr eru merkileg meðal húsdýra heimsins vegna ýmsra þátta og þar er kúakynið síst undanskilið. Varðveisla slíkra kynja er að því er best verður séð öryggismál sem ástæða er til þess að fagna. Það hefur lengi vakið undrun undirritaðs að í röðum íslenskra náttúruverndarsinna er allt sett ofar á blað en húsdýr. Þau eru þó bæði óaðskiljanlegur hluti íslenskrar náttúru og hornsteinnar íslenskrar menningar. Þau hafa staðið undir mannlífi í þessu landi í 1100 ár fremur en nokkuð eitt annað sem bent verður á. Verndun þeirra í hreinni mynd er þess vegna ekki bara sjónarmið í búhagrænu samhengi heldur líka menningarsögulegu.

f.h. stjórnar Litfara,

félags til stuðnings litförótta litarins í íslenska hrossastofninum



Páll Imsland, form.

Um íslensku húsdýrastofnana, ræktun og þróun, varðveislu fjölbreytileika og erfðabreiddar og áherslur umræðunnar

Páll Imsland

Tilurð íslenskra húsdýrastofna og hreinleiki þeirra.

Níu tegundir húsdýra eru taldar hafa komið til landsins með landnámsmönnum fyrir um 1100 árum. Þær hafa síðan flestar lifað hér í landfræðilegri einangrun og flestar án þess að hafa verið blandaðar að marki öðrum stofnum húsdýra síðan. Þó dæmi séu um slíka blöndun í flestum dýrastofnunum þá er hún yfirleitt svo lítil og jafnframt orðin svo gömul að hennar gætir ekki lengur eða ekkert að ráði í flestum dýrastofnanna. Sumir landnámsstofnar hafa horfið með öllu og nýir eru ýmist komnir í stað gamalla eða til viðbótar þeim sem fyrir eru.

Þessir níu landnáms húsdýrastofnar eru:

Hross, nautgripir, sauðfé, geitur, svín, hundar, kettir, hænsn, gæsir.

Af þessum dýrum eru hundar og kettir umtalsvert blandaðir öðrum stofnum á síðari tímum og líklega hafa hænsnin einnig blandast. En hænsn, hundar og kettir eru enn til af gamla stofninum óblönduð eða með öll aðaleinkenni þeirra stofna ennþá mjög áberandi.

Reyndar er nokkur yngri blöndun til einnig í kúakyninu, en hún er auðþekkjjanleg á ytri einkennum og nær ekki yfir allan stofninn.

Blöndun í sauðfjárstofninum er þekkt og átti sér stað með miklum og alvarlegum afleiðingum en sú blöndun mun að mestu leyti vera horfin í massann og líklega hafði hún engin áhrif á litina. Fylgifiskar blöndunarinnar í formi sjúkdóma breiddust mun hraðar um stofninn, sem fyrir var, en sjálf kynblöndunin.

Hrossin eru óblönduð með öllu, líklega allt aftur á landnáms tíð, þó gerð hafi verið tilraun með blöndun við norskan fjardahest fyrir tæpri einni öld. Úr þeirri tilraun kom slæm niðurstaða og öllum gripum mun hafa verið eytt og blöndunin því aldrei breiðst út í stofninn.

Geitté er líklega afar hreint ennþá, enda myndi blöndun í þann stofn fljótt hafa alvarleg áhrif vegna þess hve stofninn er smár.

Um gæsastofninn eru líklega engar áreiðanlegar heimildir fyrir hendi. Þær aligæsir sem hér eru nú gætu hæglega verið blandaðar á síðari tímum.

Svínin munu nú til dags vera allt önnur en landnámssvínin, sem munu hafa dáðið út fyrir alllöngu.

Í öðrum löndum þar sem umlykjandi haf myndar ekki landfræðilega einangrun er blöndun dýrastofna á milli landa mun auðveldari og gerðist jafnvel án tilstuðlunar manna, einkum á meðan landamæri voru ekki jafn víggirt og vöktuð og orðið hefur á síðari öldum.

Smygl dýra um lokuð landamæri er vel þekkt fyrirbæri. Þannig er án efa uppruni snáksins sem fannst skríðandi í húsagarði í Hafnarfirði ekki alls fyrir löngu og krókódílsins á Norðfirði fyrir fáeinum árum.

Ómeðvitaður innflutningur hefur jafnan átt sér stað og þannig eru til komnar bæði húsamýs og rottur hér á landi og þannig koma skordýr og ýmsar aðrar smáskepnur enn þann dag í dag, t.d. leðurblökur, eðlur og jafnvel fuglar í flutningagámum, skordýralirfur í timbri og trjáplöntum og egg, lirfur og dýr í dvala í gróðurmold, blómplöntum, korni og ávöxtum og þannig má lengi telja.

Farfuglarnir koma og fara og með þeim getur borist ýmislegt lifandi, smádýr og smitandi örverur.

Bæði smygl og ómeðvitaður innflutningur er óæskilegt og stundum mjög bagalegt, en seint veður landamærum svo vel lokað að ekki sleppi eitthvað inn, jafnvel þó yfir haf sé að fara. En við megum líka hafa það í huga, varðandi sumar þessara aðferða, að þær eru hluti af venjubundinni hegðun náttúrunnar og má jafnvel kalla það aðferðir hennar við að breiða út tegundirnar.

Það sem einkennir hina hreinu íslensku dýrastofna, sem ég leyfi mér að kalla svo, auk þess að þeir hafa verið hér í einangrun um aldir og þannig haldið frá íblöndun annarra kynja, er að á þessum sömu öldum hefur yfirleitt verið stunduð afar lítil maikviss ræktun þessara stofna. Lengst af ræktuðu menn ekki húsdýr sín á kerfisbundinn máta með framfarir í afurðaframleiðslu eða í byggingarlagi, lit eða öðrum eiginleikum í huga. Einstöku menn hafa þó örugglega haft næmara auga fyrir slíku en heildin og viðhaft tilburði í þessa veru. Þeir hafa örugglega gert einhverjar tilraunir til þess að bæta gripi sína en slík viðleitni varð aldrei að nothæfri þekkingu fyrir aðra. Því hafa dýrastofnarnir ekki breyst mikið fyrir tilstuðlan mannlegra athafna, nema við val einstaklinga til ásetnings úr þeim hópi sem kom úr hinni tilviljanakenndu æxlun.

Líklega hafa harðindi, svo ekki sé talað um náttúruhamfarir á borð við Skaftárelda og meðfylgjandi Móðuharðindi, þegar öllum dýrum fækkaði stórlega, skilið eftir sig dýpri spor í þessu samhengi en mannleg viðleitni til

kynbóta. Þau 100.000 hross, sem nú lifa í landinu eru, t.d. öll komin út af þeim 8.700 hrossum sem lifðu af Móðuharðindin fyrir tæpum 220 árum. Þá féllu á einu ári 76% af hrossastofninum eða um 27.250 hross. Ef við einföldum það mál, þá má segja að í hverjum fjórðungi landsins hafi að jafnaði aðeins verið 2.175 hross og þau alls ekki öll frjó eða í líkamlegu ástandi til þess að koma stofninum upp aftur. Ef ættliðaskiptin í stofninum eru að jafnaði 8 - 9 ár þá eru aðeins um 25 ætliðir hrossa frá Móðuharðindum. Hrossin í landinu eru því heilmikið innbyrðis skyld að langfedgatali. Sambærilega sögu má segja af öðrum dýrastofnum, þó það verði ekki gert hér.

Það er ekki að marki fyrr en á 20. öld að menn fara að rækta húsdýrastofnana hér á markvissan hátt og sífellt meir og meir eftir því sem líður á öldina. Nú má segja að næstum allt sé ræktað, þ.e.a.s. öll húsdýr verða til eftir afskifti manna. Það eru aðeins undantekningartilvik að dýr fæðist eftir slysafang, eins og það heitir nú, þegar náttúran hefur sinn eðlilega framgang í þessu máli og þeim gripum er ósjaldan fargað. Þessi ræktun 20. aldarinnar hefur líklega breytt stofnunum meira en venjulegt viðhald margra undangenginna alda. Þessi þrautræktun, að hætti erlendra landbúnaðarþjóða, er jafnvel farin að ganga yfir hunda- og kattakynin hér, sem hefur stórlega fjölgað á síðustu áratugum og menn eru farnir að rækta í hagnaðarskyni.

Það fer því hvað úr hverju að verða erfitt að greina hið upprunalega ástand sumra stofnanna.

Áhrif tímans á gerð stofnanna - ræktun og frjálssar ástir

Það má segja að í notkun orðsins ræktun felist tvær merkingar, þó þær séu ekki andstæðar. Annars vegar þýðir orðið þá viðleitni manna yfirleitt að taka fram fyrir hendur náttúrunnar varðandi viðhald tegundanna og hafa þar einhverja hönd í bagga og hins vegar þá aðferð manna að stjórna alfarið viðhaldi húsdýrastofna sinna, velja hverjum grip maka í öllum tilvikum og stjórna því hvenær æxlun á sér stað og hvað færi að lifa. Þeirrar skoðunar verður vart að þeir einir, sem viðhafa síðari aðferðina kallist ræktendur. Stundum heyrst jafnvel að þeir séu alvöruræktendur, á meðan hinir eru ekki teknir jafn alvarlega sem ræktendur. Í þessu felast að sjálfsögðu fordómar, sem eru ekki ræktunarmálstaðnum eða umræðunni til framdráttar, því þess má finna mörg dæmi að þeir sem þannig flokkast ekki sem „alvöruræktendur“ hafi sýnt ótvíræða hæfni í þá veru og framleitt fyrsta flokks ræktunar- og framleiðslugripi.

Hér má draga fram þann mismun sem er á eðli þróunar og ræktunar, en þetta eru þær tvær aðferðir sem fyrst og fremst breyta dýrastofnum.

Þróun er aðferð náttúrunnar við að breyta stofnunum, þar kemur vilji mannsins ekki nærri. Þessi aðferð er völd að bæði þeirri fjölbreytni tegundanna sem til er og eins breytileikanum innan einstakra tegunda. Þróun tegundanna hefur verið að verki um þúsundir miljóna ára. Jarðsagan og lífþróunarsagan gera grein fyrir þessu ferli og sögu þess.

Ræktun er aðferð mannsins til þess að breyta tegundum og tilgangurinn er yfirleitt sá að beina breytingunum inn á ákveðna braut sem einkennist af einsleitni og fábreytileika. Niðurstaða ræktunar og þróunar eru þannig andstæðar og eftirtektarvert að maðurinn er nú á síðustu árum farinn að ræða um varðveislu fjölbreytileikans í ræktuðum dýrastofnum og innan þeirra, en án þess að ræða það í samhengi við ræktunina eða ræktunarstefnur. Hann virðist sem sagt vera að koma auga á það að ræktunin er að skemma fyrir á vissan hátt. Það má því ekki lengur láta eins og ræktun sé sjálfsögð í öllum tilvikum og að umræða um hana sé óþörf. Til dæmis er það afar skýrt orðið að ræktun íslenska hrossastofnsins er þegar farin að spilla honum hvað varðar fjölbreytileika og erfðabreidd. Þessi mótsaganakennda mynd af útkomunni af ræktun, minnkandi erfðabreidd og vaxandi einhæf gæði eða framlegð, sem stundum er kölluð erfðaframför, er að verða alvörumál, sem þarf að ræða opinskátt og af víðsýni.

Hvorri aðferðinni við ræktun, sem að ofan er getið, sem beitt er, eru áhrifin sama eðlis en afraksturinn misjafn. Í síðara tilvikinu, algjörri stjórnun æxlunar, verða áhrifin meiri, breytingar koma hraðar fram og ná til stærri hópa innan dýrastofnsins. Við hina aðferðina, stjórnun æxlunar að takmörkuðu marki, vinnst hægar en meðaltalið færast samt „upp á við“, vegna þess að aðferðin dregur út tímgunartíðni „lélegri“ gripanna.

Nú á síðustu árum hefur maðurinn tekið upp nýja aðferð við að hafa áhrif á dýrastofnana, klónun. Hún er enn áhrifameiri en ræktun í því að breyta stofnum í átt til einsleitni, því hún er einrækt sem framkallar algjöra og nákvæma eftirmynd foreldrisins. Að þessari aðferð er vissulega ástæða til þess að hyggja af mikilli alvöru. Sá fljótvirki og viðamikli árangur sem með henni er hægt að ná má ekki skella yfir án fyrirvara, undirbúnings og viðbragða.

Breytingar þær sem orðið hafa á íslensku húsdýrastofnunum síðan þeir komu til landsins og fram á 20. öld, eru í flestum tilvikum að langmestu leyti áhrifin af samblandi ræktunar með stjórnun æxlunar að mjög takmörkuðu leyti annars vegar og hins vegar náttúrulegs vals úti í hógum landsins. Kerfisbundin ræktun eða þrautræktun kom þar ekki við sögu.

Dýr eins og hestar, geitur, hundar og kettir hafa, að því er best verður séð, verið að verulegu leyti sjálfráð um æxlun, lengst af Íslandssögunni. Þetta frelsi hefur líklega jafnan verið minna þegar sauðfé og nautpeningur átti í hlut. Yfirferð

hænsna á landi er svo lítil að frelsi þeirra til tímgunar hefur líklega að mestu leyti skorðast við þéttbýlli sveitir eða jafnvel bæjahverfi og hefur val manna á honum til lífs þá líklega ráðið mestu um tímgun, hvort sem því vali hefur stjórnað ræktunarviðleitni eða ekki. Hjá svínum hefur líklega verið um nær algjört frelsi að ræða framan af, einkum hjá þeim hópum landnámssvína sem lögðust út og voru hér hálfvillt eða alvillt um stundarsakir. Síðan má segja að svínahald leggist af hér á landi og nútímasvín eru ekki af hinum gamla íslenska svínastofni. Um hann þarf því í raun ekki að fjalla í þessu samhengi. Líklega á svipað við um gæsir. Tímgun nútímasvína hér á landi mun hins vegar vera undir algjörrri stjórn manna.

Íslensku húsdýrastofnarnir í menningar- og heimssögulegu samhengi

Fáar þjóðir í heiminum, ef nokkur, eiga sér svo einstaka húsdýrastofna, hvað varðar lengd dýrahalds án íblöndunar frá öðrum kynjum, og við Íslendingar. Hinir íslensku dýrastofnar eru að þessu leyti orðnir mjög gamlir. Það er hins vegar enginn ókostur. Þessum háa aldri fylgir ekki úrkynjun eða önnur skemmd. Á hinn bóginn fylgir honum mikil reynsla og hún er að ýmsu leyti góð og á henni er hægt að byggja margt um framhaldsmöguleika þessara dýrastofna í heiminum. Einnig fylgir honum viss hreysti og heilbrigði sem m.a. stafar af náttúrulegu úrvali undir harðri baráttu dýranna við erfitt náttúrufar hér á hjara veraldar. Við skulum hafa það í huga að á þessu tímabili gekk yfir heiminn kaldasta veðurfar sem gengið hefur yfir jörðina síðan ísöld lauk fyrir 10.000 árum. Það er kallað litla-ísöldin og stóð hér á landi frá 1200 til 1900. Þetta var langur og strangur tími fyrir bæði menn og skepnur.

Til einföldunar skipti ég hér húsdýrastofnum heimsins í tvennt. Annars vegar tel ég hina ræktuðu húsdýrastofna í löndum þeim sem búa við vestræna menningu og öðrum löndum sem nota sér af þekkingaraðferðum hennar. Hins vegar eru húsdýrastofnar þriðja heimsins, sem eru lítt ræktaðir eða nánast ekkert í mörgum tilvikum. Þetta er einföldun en hún hentar til þess að draga upp skýrari mynd af ástandi húsdýrastofna í heiminum. Í vestrænum löndum þar sem þekkingar er aflað með hlutlausum tilraunum og rannsóknum, hefur allengi tíðkast að rækta húsdýr með hliðsjón af framleiðni (magni framleiddu á tilteknum tíma), hverjar svo sem afurðirnar eru. Þannig eru nú til einkum í Ameríku, Ástralíu og Evrópu bæði lang- og þrautræktaðir húsdýrastofnar sem eru orðnir afar sérhæfðir og afkastamiklir varðandi þá afurð sem eftir er sóst. Á hinn bóginn eru í þriðja heiminum flestir húsdýrastofnar lítt ræktaðir eða með öllu óræktaðir

með þetta framleiðnimarkmið í huga og framlegð (magn framlags) þeirra enda yfirleitt mjög lág.

Það eru lengi búin að vera merki á lofti um það, að á jörðinni er ekki framleitt nægilegt af ómengduðum og hollum matvælum handa íbúum hennar. Víða ríkir ýmist tímabundin eða langvarandi vannæring, jafnvel hungur og svelti. Þetta ástand á sér margar orsakir en ein af þeim er fólgin í lélegum húsdýrastofnum. Það blasir við að í framtíðinni mun víða verða leitað eftir nýjum húsdýrum til þess að taka við af þeim gömlu, sem henta ekki nægilega vel. Það er því nauðsynlegt að til séu í heiminum dýrastofnar, sem geta gegnt slíku hlutverki.

Hér skal ekkert um það fullyrt, að hægt sé að nota íslenska stofna í þessu samhengi, en óneitanlega lítur í fljótu bragði út fyrir að íslenskt sauðfé og jafnvel nautpeningur geti vel komið til álita sem vænlegir stofnar í norðlægum löndum og hálendi víða um heim, t.d. í Kanada og Alaska ásamt öðrum eyjum á þeim slóðum, í Síberíu og Mongólíu og víðar í Asíu, fjallendi í Suður-Ameríku, Suðvestur-Asíu og víðar. Það væri því ekki illur kostur fyrir heimsbyggðina ef Íslendingar varðveittu vel stofna sína og byðu þá fram til tilrauna og reynslu í þessu samhengi.

Það er einnig orðið ljóst að hinir lang- og þrautræktuðu stofnar, t.d. í norðan- og vestanverðri Evrópu eru búnir að glata afar mörgum eiginleikum sem fyrrum hafa búið í stofnunum. Það er búið að rækta eiginleika út úr kynjunum. Ræktun gengur einfaldlega út á það að styrkja útvalda eiginleika í kyninu með því að æxla saman einstaklingum sem bera þessa eiginleika í ríkum mæli. Oftar en ekki verður þessi viðleitni til þess að rækta út aðra eiginleika, deyfa þá og gera sjaldgæfa. Það skapar „pláss“ fyrir ræktuðu eiginleikana, því ekki rúmast allt saman í einum grip, massi og megurð t.d. Til þess að auka hold til muna þarf helst að styrkja bein og við hvort tveggja hverfur léttleiki og lipurð og þannig má tína til dæmi. Ýmislegt bendir til þess að þessi viðleitni ræktunar muni að sumu leyti þegar vera gengin óæskilega langt í ýmsum þrautræktuðum stofnum og að menn muni að einhverju marki hverfa frá þrautræktun í framtíðinni eða reyna að styrkja aftur í ræktuðu stofnunum horfna eða lítt áberandi eiginleika.

Íslensku húsdýrin eru almennt mun skemmra komin á braut lang- og þrautræktunar og búa því enn yfir ýmsum eiginleikum sem hjá hinum eru horfnir eða hafa ekki verið til staðar. Þrautræktun fylgja jafnan ýmsir ókostir en um það er yfirleitt minna fjallað í ræktunarmálaumræðunni.

Litina í íslensku dýrastofnunum og auðinn sem í þeim felst má hafa sem almennt dæmi

Það er nú greinilega aukinn áhugi á litunum í íslenska hrossastofnunum víða erlendis, bæði austan hafs og vestan og stafar án efa að hluta til af því að með ræktun evrópskra húsdýra, t.d. hesta hefur litum þeirra fækkað verulega á allra síðustu öldum. Fyrir fimm öldum, þegar Ameríka uppgötvaðist á ný og byggðist evrópsku fólki, var hún hestlaus, þó hesturinn eigi þar sinn uppruna. Því voru þangað fluttir hestar, einkum frá Spáni, einu af löndum þeim sem nú státa af glæstri hrossaræktarsögu. Þau hrossakyn sem þannig breiddust út um Vesturheim báru með sér alla hrossaliti og þeir eru þar enn, þó þeir séu ekki lengur til á meginlandi Evrópu. Þetta sýnir skýrt afleiðingar hrossaræktunarinnar á síðustu öldum. Áhuginn á íslenska hestinum vestanhafs er lærdómsríkur. Hann er mjög nýlega kominn til og margir virðast sjá á honum þau einkenni að þangað sé hægt að selja hross í öllum litum; liturinn sé ekki ráðandi um valið. Menn segja sumir að þetta sé vegna þess að þar sé fyrir hendi hefð um alla liti og vaninn valdi þessari afstöðu. Austanhafs er áhugi á litunum sem slíkum og tilkominn vegna þess að sjaldgæfu litirnir vekja sérstaka athygli; þeir eru horfnir úr heimakynjunum. Við seljum því sjaldgæfu litina vestur um haf þrátt fyrir allt en austur um haf vegna fágætis þeirra og þess áhuga sem er fyrir hendi á útlits- og erfðafjölbreytni.

Íslenski hrossastofninn býr enn yfir flestum þeim litum sem yfirleitt finnast hjá hrossum þó „ræktuðu litirnir“ rautt, brúnt og jarpt, setji mjög ákveðið mark sitt á stofninn. Lýstu og ljósu litirnir, bleik- og móalótt, muskótt, moldótt, bleikt, leirljóst, fölt, glófext og vindótt, grátt, litförótt, skjótt og svo framvegis eru aðeins um 20% af stofninum. Í þessa liti alla er þó hægt að halda og hægt er að rækta þá og afbrigði þeirra og setja á markaðinn, sem vissulega er fyrir hendi og alls ekki nýttur til fulls. Það er því á skjön við markmið opinberrar ráðgjafar að stuðla að ræktun íslenska hestinn án tillits til litanna og annarra sjaldgæfra sérkenna. Íslenski hesturinn er ekki vinsæll og seljanlegur á erlendum vettvangi vegna þess að hann sé svo líkur einhverjum öðrum glæsihesti, heldur vegna þess mikla fjölbreytileika sem í einstaklingum og stofninum búa.

Svipaða áhugasögu má segja af kúakyninu okkar. Hinir ótalmörgu litir og litbrigði sem þar finnast eru slíkur auginnaglaðningur fyrir marga erlenda ferðamenn sem hingað koma að þeir eiga ekki orð til að tjá sig. Þessir ferðamenn munu samkvæmt nýjustu áætlunum verða um ein miljón eftir rúman áratug og því væri ekki úr vegi að spila á það ástand með þekkingu og sýningum á húsdýrunum. Mér er minnisstætt, að fyrir meir en áratug var ég á ferð með 25 Skandinövuðum um landið í rútu. Ég varð var við það austur á Héraði að tvær

danskar stúlkur voru eitthvað að kýta aftur í rútu og eftir nokkra stund komu þær til mín og önnur spurði: „Er það ekki rétt hjá mér að á Íslandi séu til *tigerstribede køer*“ tígrisbröndóttar kýr? Ég játaði því náttúrulega þegar ég skildi hvað klukkan sló. Hún hafði séð bröndóttu Búkollu út um rútuþluggann og bent vinkonu sinni á þetta undur en nokkuð seint og sú trúði ekki þessu bulli, enda eru bröndótt tígrisdýr í Zoologisk Have en ekki bröndóttar kýr á Amakri og allar danskar kýr vel-, lang- og þrautræktaðar og hjarðir þeirra samstæðar og einsleitar. Seinna sýndi ég þeim þetta í návígi og hélt þá að vanda langa ræðu yfir hópnum, um „tígriskýrnar“ á Íslandi, og þó hér væru á ferðinni sérmenntaðir jarðfræðingar í grjóti og gosum, þá var áhuginn á þessu fyrirbæri náttúrufræðanna auðvakinn, sérkennum einangraðra og lítt ræktaðra húsdýrastofna.

Aukinn áhugi virðist vera á íslensku sauðfé erlendis, ekki síst í Ameríku og í því sambandi gæti lítaflóra þess m.a. skipt máli.

Nokkrar ályktanir að lokum

Af þessu og ýmsu öðru ræð ég það, að í þessu ástandi íslensku húsdýrastofnanna, hæfilega lítilli eða mikilli ræktun, eftir því hvernig við kjósum að orða það, sem enn hefur ekki eytt ýmsum sérkennilegum og nothæfum eiginleikum, sé fólgin auður, sem leggja beri rækt við. Ég hef þá trú, sem byggð er á lauslegu mati og dálítilli reynslu, að þetta séu verðmæti, sem séu að verða eftirsótt og muni verða enn eftirsóttari er tímar líða. Markaður fyrir þessa eiginleika tel ég að muni verða þrenns konar er fram líða stundir.

- Í fyrsta lagi mun fjölbreytileiki útlits og annarra eiginleka verða notaður til sýninga og útskýringa hér innanlands á vettvangi ferðamannamóttöku og fræðslu, jafnvel í búfræðum.
- Í öðru lagi tel ég að eftirspurn muni verða eftir lifandi gripum til útflutnings, gripum sem ætlað verði að koma að fullum notum sem gagnlegir nýir húsdýrastofnar þar sem þeir henta vel og einnig sem kynbótagripir til bóta á öðrum húsdýrastofnum sem bæta þarf.
- Einnig tel ég að eftirspurn muni verða eftir lífgripum og eða kynbótagripum, sem fyrst og fremst þjóna markaði áhugamanna um samskipti við húsdýr, gripum sem ætlað er að gleðja augað og andann.

Eftirspurn hefur lengi verið fyrir hendi á reiðhestamarkaði erlendis og á líðnum misserum hafa sést þess glögg merki innan reiðhestamarkaðarins að áhuginn í þessum geira á litum og eftirspurnin eftir ljósu og lýstu hrossalitunum er mjög vaxandi. Fólöld í sjaldgæfari litunum seljast sums staðar eins og heitar lummur þó ekki sé litið við hinum.

Rétt er að benda á að í sumum tilvikum má lítið út af bera til þess að ekki fari eitthvað af litaeinkennum íslenskra húsdýra í súginn. Þannig eru nú langt innan við 100 merar á fyljunaraldri og ógeltir folar sem bera litföróttu litina. Þetta er minna en 0,1% af hrossastofninum í landinu og genið sem ræður litbreytingunum þessara lita er svokallað ríkjandi gen sem þýðir að ef það á annað borð hverfur úr stofninum, þá verður það ekki ræktað fram aftur. Alsvartar kýr virðast vera orðnar afar sjaldgæfar í landinu og óvíst er með öllu hvort nokkurs staðar leynast ennþá nema einn alhvítur nautgripur. Skæðir sjúkdómar, eins og gin- og klaufaveiki, sem nú ógna landbúnaði víða um heim, gætu hæglega fellt hér svo marga gripi að litir eða litbrigði hyrfu, ef þessir sjúkdómar bærust til landsins.

Ég bendi á það hér í lokin og af því að það er dálítið sérkennilegt, að íslensku húsdýrin eiga sér ekki málsvara í íslenskri náttúruvernd, þó villt dýr eigi það. Náttúruvernd hérlendis hefur ekki séð ástæðu til þess að skipta sér neitt af húsdýrunum, þó hún berjist fyrir tilvist refa. Það er eins og náttúruvernd líti svo á að villt nýlega innflutt dýr, svo sem hreindýr eða minkar, eigi meiri tilverurétt í íslenskri náttúru en húsdýr þau, sem hafa dvalið hér öldum saman ásamt mannum, og hafa óneitanlega alla þá tíð verið áberandi hluti íslenskrar náttúru og menningar.

Nautgripæræktarfélag Íslands. Lundi, 311 Borgarnes. Sími 435 1417. Netfang: lundur@aknet.is

Landbúnaðarnefnd Alþingis.

Frá Nautgripæræktarfélagi Íslands.

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um verndun íslensku mjólkurkýrinnar.

Nautgripæræktarfélag Íslands hefur fjallað um tillögu til þingsályktunar um vernd íslensku mjólkurkýrinnar og vill í því sambandi koma á framfæri nokkrum ábendingum og athugasemdum.

NRFÍ tekur undir það megin sjónarmið að vernda beri íslensku mjólkurkúna, lítur félagið á það sem menningarlega skyldu auk þess sem íslenska ríkið er skuldbundið til þess samkvæmt Ríó-sáttmálanum. Til þes er nauðsynlegt að unnin verði sérstök verndaráætlun. Í því sambandi ber að líta til þess hvaða hættur kunna að steðja að íslenska kúakyninu.

Stóraukinn innflutningur mjólkurafurða.

Innflutningur mjólkurafurða er leyfður samkvæmt WTO-samningnum en traust markaðsstaða innlendu framleiðslunnar byggist alfarið á tollvernd og stuðningi í formi beingreiðslna. Nú er í gangi ný lota WTO-viðræðna og er yfirlýst markmið hennar að lækka innanlandsstuðning og draga úr tollvernd. Í ljósi þess hversu lítill verðmunur er nú þegar á innfluttum mjólkurafurðum með tollum og innlendri framleiðslu er ljóst að verulega verðlækkun kann að vera nauðsynleg á innlendu framleiðslunni til að standast samkeppni erlendis frá í framtíðinni, e.t.v. meiri en innlenda framleiðslan ræður við. Að vissu marki kann hreinleika- og hollustuímynd innlendu framleiðslunnar að hjálpa til en ekki til að mæta verulegum verðmun. Þá er ljóst að allur samdrátt á framleiðslunni veldur því að sú framleiðsla sem eftir stendur verður dýrari.

Innflutningur nýs mjólkurkúakyns.

Verulegur áhugi er fyrir hendi á að flytja inn annað kúakyn. Tilgangurinn er sá að lækka framleiðslukostnað og gera mjólkurframleiðsluna betur í stakk búna til að mæta samkeppni erlendis frá. Í því sambandi er vert að benda á að hreinleiki afurðanna er ekki háður því hvaða kúakyn er notað í framleiðslunni. Umsagnir um innflutning m.a. frá Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Hagþjónustu landbúnaðarins benda til þess að verulega hagkvæmni megi sækja til annarra mjólkurkúakynja. Því er ljóst að búast má við að íslenska kúakynið verði undir í samkeppni við erlend kúakyn. Þótt yfirvöld standi enn í vegi fyrir innflutningi er ekki ljóst hversu lengi það muni vara, m.a. vegna aljóðasamninga. Þá liggur fyrir að verði af inngöngu Íslands í ESB, sem sterk öfl tala fyrir, hefur það í för með sér að innflutningur annarra kynja verður leyfður.

Sjúkdómahætta.

Fyrir hendi er stöðug hættu á að næmir smitsjúkdómar berist til landsins. Ekki síst stafar sú hættu af vaxandi innflutningi matvæla. Þá er vert að minna á að sjúkdómar geta borist með fólki, þannig hefur hringskyrfi borist til landsins og allar líkur benda til að hrossapest sem lék hestamenn grátt fyrir nokkrum árum hafi borist með fólki eða farangri þess. Hins vegar eru ekki þekkt nein dæmi þess að smit hafi borist milli landa með fósturvísu þótt árlega séu tugir þúsunda af þeim fluttir milli landa með mun minni varúðarráðstöfunum en hérlendis eru gerðar.

Í ljósi þess sem að framan segir leggur NRFÍ til að gerð verði verndaráætlun fyrir íslenska kúakynið sem m.a. taki til eftirfarandi þátta:

1. Metið verði hver sé lágmarks stofnstærð til að halda kyninu við.
2. Gert verði grein fyrir þeim aðferðum sem nauðsynlegar eru til að koma í veg fyrir of mikla skyldleikarækt við þá stofnstærð.
3. Lagðar fram hugmyndir um hvernig koma skuli hinum verndaða stofni fyrir.
4. Athugandi er hvort jafnframt beri að varðveita fósturvísu til nota síðar, t.d. ef smitsjúkdómar hafa leikið stofninn grátt.

Río-sáttmálinn fjallar um verndun líffræðilegs fjölbreytileika. Í því sambandi er vert að velta fyrir sér hvort markmið hans eru uppfyllt með tilvist kúakyns sem allt tekur breytingum vegna kynbóta. Allar kynbætur hafa í för með sér að erfðavísar tapast og gripirnir verða einsleitari (það er beinlínis markmið með kynbótunum). Þannig minnkar hinn líffræðilegi fjölbreytileiki. Það sker líka í augu að í greinargerð með tillögunni um verndun íslensku kýrinnar, þar sem talsvert er fjallað um Río-sáttmálann, kemur fram tillaga um að útrýma tilteknum erfðavísi úr íslensku kúnni. Slík uppástunga hlýtur að stríða gegn Río-sáttmálanum, enda kunna menn að líta á þann erfðavísi sem auðlind síðar meir þegar meira verður vitað um verkun hans.

Lundi, 30. maí 2002, fyrir hönd Nautgripærktarfélags Íslands,

Jón Gíslason.



RANNSÓKNASTOFNUN LANDBÚNAÐARINS
AGRICULTURAL RESEARCH INSTITUTE



ADALSTÖÐVAR
HEADQUARTERS: KELDNAHOLT, IS-112 REYKJAVÍK, ICELAND
KENNITALA
I.D. no.: 530269-3109

Alþingi
Erindi nr. P 127/2102
komudagur 6.5.2002

SÍMI
TELEPHONE: (354) 577 1010
MYNDSENDIR
TELEFAX: (354) 577 1020

REYKJAVÍK,
2.5.2002

1-77
BT/-

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn Rannsóknastofnunar landbúnaðarins um:

**Tillögu til þingsályktunar um verndun íslensku mjólkurkýrinnar 677. mál og
tillögu til þingsályktunar um endurskoðun laga um innflutning dýra 654. mál.**

Í tillögu til þingsályktunar um verndun íslensku kýrinnar er lagt til að gerð verði sérstök áætlun um þennan eina stofn og m.a. vitnað til Ríó sáttmálans um líffræðilega fjölbreytni í því sambandi. Í tillögu um endurskoðun laga um innflutning dýra er einnig vísað til Ríó sáttmálans og nauðsyn þess að vernda íslenska dýra- og búfjárstofna.

Í þessu samhengi er eðlilegt að fjalla sameiginlega um þessar tillögur og skyldur Íslands um viðhald og verndun erfðalinda í íslensku búfé.

Eðlilegt er að mótuð sé heildarstefna stjórnvalda um erfðalindir í landbúnaði og rétt að minna á frumvarp til laga um breytingu á búnaðarlögum, sem liggur fyrir Alþingi (landbúnaðarnefnd) þar sem lagt er til að stofnuð verði erfðanefnd landbúnaðarins, sem ætlað er m.a. að annast samráð um varðveislu erfðalinda í landbúnaði og veita stjórnvöldum og öðrum ráðgjöf varðandi þessi mál. Eðlilegt er að skuldbindingar Íslands samkvæmt Ríó sáttmálanum séu sérstaklega teknar inn í stefnumótun um erfðalindir í landbúnaði og starfsemi erfðanefndar landbúnaðarins. Heildarstefna um þennan málaflokk á að taka til allra íslenskra búfjárstofna. Stofnunin telur rétt að stefnumörkun hvað varðar íslensku kúna verði hluti af starfi erfðanefndar en ekki rétt að gera sérstaka óháða áætlun um hana.

Í lögum um innflutning dýra er ekki að finna tilvísanir til Búnaðarlaga og starfsemi erfðanefndar búfjár, sem starfar samkvæmt núgildandi lögum, né heldur til almennra skuldbindinga Ríó sáttmálans um varðveislu innlendra erfðalinda. Nauðsynlegt er að bæta úr þessu þannig að samræmi sé á milli lagagreina og alþjóðlegra samninga. Varðandi hugmyndir um verndunarmat, þá þarf að skilgreina mjög vel hvað í því felst áður en ákveðið er að setja reglur þar um og jafnframt er það álitamál hver á að bera kostnað af slíku mati og fer eftir eðli hvers máls.

Full þörf er á því að endurskoða lög um innflutning dýra til að samræma þessi atriði, þannig að lögin þjóni tilgangi sínum sem almenn löggjöf um málefnið. Hins vegar á það ekki að vera tilgangur laganna að setja hindranir fyrir öllum innflutningi heldur að tryggja staðið sé við skuldbindingar alþjóðlegra samninga að tryggja öryggi landsins varðandi sjúkdóma í dýrum og gæta að umhverfissjónarmiðum.

Í athugasemdum um frumvarpið til laga um innflutning dýra er minnst á frumvarp iðnaðarráðherra til laga um líftækniíðnað sem lagt var fram á yfirstandandi þingi. Einnig undirbjó umhverfissráðherra frumvarp til breytinga á lögum um náttúruvernd til samræmis við frumvarp iðnaðarráðherra. Þessi tvö mál voru ekki afgreidd. Þau sýna hinsvegar að brýnt er að taka á þessu máli með heildstæðum hætti atvinnuvegaráðuneytanna í millum og í samráði við umhverfissráðuneyti.

Virðingarfyllst,



Þorsteinn Tómasson
-forstjóri-

Alþingi
Erindi nr. Þ 127/2182
komudagur 21.5.2002

SAM

**SAMTÖK
AFURÐASTÖÐVA Í
MJÓLKURIÐNAÐI**


Nefndarsvið alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 15. maí 2002

UMSÖGN UM ÞINGSÁLYKTUNARTILLÖGU UM VERNDUN ÍSLENSKU
MJÓLKURKÝRINNAR, ÞSKJ. 1093 – 677. MÁL.

Vísað er til bréfs frá landbúnaðarnefnd alþingis dags. 23. apríl s.l. þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu til þingsályktunar um verndun íslensku mjólkurkýrinnar, 677. mál. Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði hafa fjallað um tillöguna og hafa engar athugasemdir við hana.

Virðingarfyllst
f.h. Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði


Jón K. Baldursson

Alþingi
Erindi nr. P 127/2121
komudagur 10.5.2002



YFIRDÝRALÆKNIR

Sölvhólsgrata 7, 150 Reykjavík
Sími: 560 9750, bréfasími: 552 1160
grænt númer 800 6800
kt 660169-5399

Alþingi, Landbúnaðarnefnd
Einar Farestveit, nefndaritari
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 7. maí 2002
Tilvísun: YDL02050016/110
HR/--

Yfirdýralækni hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um verndun íslensku mjólkurkúrinnar. Það er álit yfirdýralæknis að það beri að sjá til þess að tryggt verði að hið íslenska kúakyn verði verndað um ókomna framtíð.

Yfirdýralæknir telur hins vegar að greinargerð sem fylgir tillögunni sé ekki nægilega vönduð og óskar eftir fundi með þeim alþingismönnum sem standa að tillögunni, til að ræða betur efni greinargerðarinnar.

Meðfylgjandi er til fróðleiks nýleg grein sem birtist í hinu virta og ritrýnda breska vísindaritri - Veterinary Record - þar sem fjallað er um áhættuna af flutningi kúariðu með fósturvísu. Niðurstaða umfangsmikilla tilrauna í mörg ár hafa sýnt að það er afar ólíklegt að kúariða geti borist með fósturvísu, jafnvel þó að foreldrarnir séu langt leiddir af sjúkdóminum.

Virðingarfyllst,

Halldór Runólfsson
yfirdýralæknir